

Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer: 5. fundur stjórnar FRÍ 2026-2028

Fundartími: 16.30-17.40

Staðsetning: Google meet

Fundarstjórn: Sveinn Margeirsson

Fundarritun: Rannveig Oddsdóttir

Fundarmæting: Aðalstjórn: Sveinn Margeirsson (SM), Katrín Jakobsdóttir (KJ), Rannveig Oddsdóttir (RO), Trausti Stefánsson (TS)

Varastjórn: Jón Örn Árnason (JÖÁ), Áslaug Pálsdóttir (ÁP) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP) sat fyrri hluta fundarins.

Forfölluð: Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ)

Skrifstofa: Guðmundur Karlsson (GK)

Gestir:

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt
- Fundargerðir: Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: Fyrri úthlutun úr afrekssjóð FRÍ samþykkt.

2. Þjóðarleikvangur

Það hefur ekki orðið eiginlegur framgangur í málinu vegna fjarveru ráðherra. KJ fer að ýta á eftir fundi og vonast til að ná honum í ágúst.

Búið að bóka fund með borgarstjóra 12. ágúst.

SM hefur verið í sambandi við Willum.

FRÍ hefur borist formlegt boð frá Frank Carreras, forseta frjálsíþróttasambands smáþjóða í Evrópu, um að halda Smáþjóðaleika 2028. Við þurfum að svara því boði en getum líka nýtt það til að ýta á eftir málunum. Meðan við höfum ekki völl sem stenst alþjóðlegar kröfur getum við ekki haldið slíkt mót.

Það er búið að samþykkja tilboð í þjóðarhöll en það eru enn margir lausir endar í skipulaginu hvað þá framkvæmd varðar, s.s. samningar við þá sem eru með starfsemi á svæðinu í dag.

3. Hundraðasta meistaramót Íslands

Undirbúningur er kominn vel á veg, en það þarf að halda vel á spöðunum næstu vikur.

- Undirbúningur sögusýningar sem verður í vallar húsinu er langt kominn.
- Það þarf að ræða við Reykjavíkurborg um framkvæmdir á vellinum.
- Það er ekki búið að senda út boð á gesti, KJ fer í það með GK.
- Fara þarf yfir kostnað við mótið, það kostar að fá erlenda boðsgesti.
- RUV er búið að samþykkja að vera með beina útsendingu frá mótinu á laugardegi og taka eitthvað upp hina dagana.
- Streymi frá mótinu er líka klárt.

4. Vígslumót Vísis

Ungmennafélagið Vísir vígir nýjan íþróttavöll næstkomandi laugardag 27. júní. SM og JÖÁ verða á mótinu. Virkilega flott framtak hjá Vísir og frábær fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög um allt land.

Ákveðið að veita Bjarna Malmquist Jónssyni sem hefur haft forystu um uppbygginguna silfurmerki FRÍ fyrir framtakið.

5. Aga- og siðamál

Stjórn voru kynntar tillögur að breytingum á reglugerð um aga- og siðamál eftir yfirllestur laganefndar sem og aga- og siðanefndar. JÖÁ falið að uppfæra reglugerðina út frá ábendingum laganefndar og aga- og siðanefndar. Reglugerðardrögin verða lögð fyrir stjórn á næsta fundi og eftir atvikum lögð fram fyrir formannafund til kynningar til aðildarfélaga.

6. Fjármál

TS kynnti stöðuna eftir fyrsta ársfjórðung.

Rætt um möguleikana á að sækja frekari styrki og hvert sé helst að horfa þar.

- Samningur náðist við Nike um merkingar á númerum.
- Fjölskylduhlaup TM gekk vel og þar gætu verið vaxtarmöguleikar.
- GK telur að möguleikarnir séu fyrst og fremst verkefnatengdir, þ.e. að sækja styrki inn í ákveðin verkefni.
- SM nefnir líka að mögulega gæti hluti af okkar stuðningi við afreksfólk verið í formi styrkja í gegnum fyrirtæki.

7. Ólympíuleikar í Los Angeles 2028

FRÍ hefur borist bréf frá Marianna Sikorowska vegna miða á ólympíuleikana. GK er búinn að svara og setja nöfn SM og KJ á blað.

8. Önnur mál

GK það hefur verið mikið álag á skrifstofunni. Mörg mót framundan, það fer t.d. 30 manna hópur frá okkur á Norðurlandamót U20 og stór hópur er líka að fara á Norðurlandamót í masters.

Fundi slitið 17.40

Næsti stjórnarfundur 14 júlí kl. 12.15–12.45